155. fundur stjórnar Kennarasambands Íslands

Haldinn í fundarsal í kjallara Kennarahússins við Laufásveg
Föstudaginn 17. febrúar 2012 kl. 08:30

Mættir voru: Þórður Á. Hjaltested, Björg Bjarnadóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Ólafur Loftsson, Þorgerður Diðriksdóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, Haraldur F. Gíslason, Hanna B. Jónsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Sigrún Grendal, Þór Pálsson og Helgi E. Helgason sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 154. fundar.
2. Lífeyrismál - umræður.
3. Fjármál:
   a. *Endurskoðun á samning við Íslandsbanka - áður BYR.*
   b. *Þjónustusamningar við sjóði KÍ.*
   c. *Vinnuferli við meðferð umsókna VÍS FF og FS / VON SÍ og FG.*
   d. *Áritun reikninga.*
   e. *Hækkanir á launalið fjárhagsáætlunar, hækkun annarra liða.*
   f. *Styrkir til fagfélaga.*
   g. *Þóknanir - reglur KÍ um lestíma endurskoðaðar.*
4. Umsókn um félagsaðild í launalausu leyfi - reglur endurskoðaðar.
5. Úttekt á stöðu SÍ.
6. Ársfundur KÍ 2012, 18. apríl á Hótel Sögu.
7. Velferðarvaktin.
8. Fundir úti á svæðum; átaksverkefni /fræðsla.
9. Erlend samskipti:
   a. *Bréf NLS - Verkfall leikskólakennara í Færeyjum.*
   b. *Ráðstefna ETUCE um ECE í Budapest (20. - 21. febrúar).*
   c. *Fundur NLS um vinnuumhverfismál (árlegur fundur).*
   d. *Skýrsla HDG frá ETUCE ráðstefnu í Berlín - „Work related stress“.*
10. Tilkynningar - færa til bókar:
    a. *Tilnefning í stjórn Námsgagnasjóðs, bóka fulltrúa FG og SÍ.*
    b. *Rauðsokkur- bók.*
    c. *Stóra upplestrarkeppnin - DVD.*
11. Önnur mál
    a. *Næstu fundir: 30. mars, 18. apríl (ársfundur), 18. maí.*

1. Fundargerð 154. fundar

Fundargerð 154. fundar samþykkt með lítilsháttar viðbót við bókun í lið 13.a.

2. Umræður um lífeyrismál

Formaður skýrði frá fundi stjórnarmanna með Hauki Hafsteinssyni framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) þar sem hann fór yfir helstu þætti í skýrslu Úttektarnefndar lífeyrissjóða. Í skýrslunni er að finna yfirlit og úttekt á starfsemi lífeyrissjóða árin 2006-2010 og áhrif efnahagshrunsins 2008 og 2009 á eignir sjóðanna.

Jafnframt skýrði formaður frá fundi forystumanna KÍ, BHM og BSRB um skýrsluna. Á þeim fundi var ákveðið að formenn bandalaganna skrifuðu sameiginlega blaðagrein um málið. Ekki var alger samstaða um að efna til fundaherferðar um málið eða önnur sameiginleg viðbrögð þessara aðila að svo stöddu.

Miklar umræður urðu á stjórnarfundinum almennt um lífeyrismál og voru stjórnarmenn sammála um að leita þyrfti svara hjá stjórnum LSR og LSS við mörgum spurningum í kjölfar skýrslunnar. Fram kom að bæta þyrfti tengsl félagsmanna og stjórna lífeyrissjóðanna.

Samþykkt var að fela formanni og varaformanni að leita eftir samstöðu með BHM og BSRB um að haldnir verði upplýsingafundir fyrir félagsmenn með stjórn LSR.

Formanni og varaformanni jafnframt falið að taka til skoðunar hvort leitað skuli eftir fundi með formanni stjórnar LSS um stöðu sjóðsins.

Formaður lýsti yfir að hann bæri fullt traust til Eiríks Jónssonar fulltrúa KÍ í stjórn LSR. Formanni var falið að ræða við Eirík um stöðu LSR og stjórnar sjóðsins og meta stöðu mála í framhaldi af því.

Til máls tóku: ÞÁH, BB, ÞD, ÓL, AS, SMÓ, SG, ÞP, HFG, IK, HBJ.

3. Fjármál

a. Endurskoðun á samningi við Íslandsbanka, áður BYR sem nú hefur sameinast Íslandsbanka.

Formaður kynnti bréf frá Íslandsbanka um framlengingu á samningi KÍ við bankann með þeim breytingum á vaxtakjörum á verðtryggðum reikningum að þau verði með 0,4% álagi í stað 1%. Vaxtakjör á óverðtryggðum sparnaðarreikningum, Call Account, eru í dag með 3,92% ársávöxtun (breytilegir vextir), lágmarksfjárhæð er kr. 50 milljónir króna, lágmarkshreyfing 5 milljónir króna og þriggja daga úttektarfyrirvari. Vextirnir eru breytilegir og ákvarðast af Íslandsbanka á hverjum tíma. Vaxtakjör á óverðtryggðum veltureikning verða 3,4% óháð upphæð, vextirnir eru breytilegir.

Í tilboðinu felst ennfremur að 0,2% auka álag verði greitt á ofangreinda verðtryggða reikninga út árið 2012.

Stjórn KÍ samþykkir erindi Íslandsbanka með fyrirvara um að fjárvörsluráð sé sama sinnis. Formanni og skrifstofustjóra er falið að vinna áfram að málinu og veita Íslandsbanka svar í samræmi við áðurgreint.

b. Þjónustusamningar við sjóði

Lögð fram drög að þjónustusamningum KÍ við sjóði (áður lagt fram á 154. fundi). Búið að kynna drögin fyrir stjórn Orlofssjóðs og er viðbragða að vænta frá henni fljótlega. Drögin verða kynnt stjórnum annarra sjóða á næstu vikum.

Samningarnir sem kveðið er á um í drögunum taka til allra verkefna sem KÍ vinnur fyrir viðkomandi sjóð. Yfirlit um verkþætti og skiptingu ábyrgðar milli stjórna sjóða og skrifstofu KÍ voru einnig lögð fram (áður á 154. fundi).

Form þjónustusamninga efnislega staðfest, en formaður bað þó stjórnarmenn að senda sér ábendingar um viðbætur eða breytingar á orðalagi.

c. Vinnuferli

Lögð fram drög að vinnuferli við meðferð umsókna þeirra félagsmanna FG/SÍ sem hafa rétt til að vera í Vísindasjóði FF/FS og þeirra félagsmanna FF/FS sem hafa rétt til að vera í Vonarsjóði FG/SÍ. Drögin áður lögð fram á 154. fundi stjórnar. FF hefur staðfest vinnuferlið fyrir sitt leyti. Stjórn KÍ samþykkir drögin fyrir sitt leyti.

d. Áritun reikninga

Lögð fram drög að reglum um áritun reikninga sem berast vegna reksturs Kennarasambands Íslands, aðildarfélaga og sjóða. Drögin voru efnislega staðfest.

e. Hækkun á launalið fjárhagsáætlunar KÍ

Samþykkt að hækka launalið fjárhagsáætlunar KÍ um 4,3% vegna launabreytinga. Formanni og skrifstofustjóra jafnframt falið að taka til skoðunar hvort hækka skuli aðra liði fjárhagsáætlunar.

Ef brúttótekjuaukning KÍ verður minni en nemur 4,3% milli ára er KÍ heimilt að nota þá prósentutölu til hækkunar annarra liða í fjárhagsáætlun. Með þessu móti skipta KÍ og aðildarfélögin með sér tekjuskerðingu vegna fækkunar félagsmanna. Annars hækka fjárhagsliðir með sama hætti og launaliður.

f. Styrkir til fagfélaga

- Samþykkt að veita Faghópi leikskólakennara umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 305 þúsund.
- Samþykkt að veita Félagi enskukennara umbeðinn styrk vegna aðalfundar og ráðstefnu alþjóðasamtaka enskukennara að fjárhæð kr. 130 þúsund.
- Samþykkt að veita Samtökum móðurmálskennara umbeðinn styrk vegna þátttöku ritstjóra Skímu í fundi norrænna móðurmálskennara að fjárhæð kr. 55 þúsund.

g. Þóknanir - reglur KÍ um lestíma endurskoðaðar

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Umsókn um félagsaðild í launalausu leyfi

Lagðar fram tillögur að reglum um félagsaðild í launalausu leyfi o.fl. sbr. 4. grein laga KÍ. Reglurnar voru samþykktar.

Stjórn KÍ veitir formanni KÍ umboð til að afgreiða umsóknir um félagsaðild í samræmi við fyrrgreindar samþykktir án þess að bera hverja og eina umsókn undir stjórnarfund.

Reglurnar eru svohljóðandi:

Reglur um félagsaðild í launalausu leyfi o.fl.
samþykktar í stjórn KÍ 17. febrúar 2012:

Félagsaðild í launalausu leyfi vegna náms:
Félagsmaður í Kennarasambandi Íslands sem fer í launalaust leyfi getur sótt um aðild að KÍ á meðan leyfið varir, eitt ár í senn. Enginn getur fengið aðild að KÍ samkvæmt reglum þessum lengur en í tvö ár samfellt. Skilyrði fyrir félagsaðild er að einstaklingur sé í formlegu námi sem er staðfest af viðkomandi skóla. Jafnframt þarf að liggja fyrir staðfesting vinnuveitanda um að viðkomandi sé í launalausu leyfi.

Til að tryggja að ekki verði rof í aðild félagsmannsins þarf umsóknin að berast í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að launalaust leyfi hefst. Ef umsókn berst eftir þau tímamörk er ekki hægt að tryggja að ekki verði rof á félagsaðild í félagaskrá. Heimilt að veita umsækjanda aðild frá næstu mánaðarmótum eftir að tilskilin gögn hafa borist til KÍ.

Til þess að félagsaðild verði virk verður viðkomandi að greiða kr. 12.000 á ári í félagsgjald fyrir þá sem eru í árs leyfi, en hlutfall af því sé um styttra leyfi að ræða.

Félagsaðild í launalausu leyfi í kjölfar fæðingarorlofs:
Félagsmenn geta sótt um félagsaðild í launalausu leyfi í kjölfar fæðingarorlofs, hafi þeir verið félagsmenn á meðan á fæðingarorlofinu stóð. Slík félagsaðild getur varað út skólaárið eða að hámarki eitt ár. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áðurnefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í launalausu leyfi vegna foreldraorlofs:
Félagsmenn í foreldraorlofi geta sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áðurnefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í kjölfar atvinnuleysisbóta:
Félagsmaður sem fellur út af atvinnuleysisbótum þegar hann fer í nám getur sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áðurnefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild í kjölfar biðlauna:
Félagsmaður sem fer í nám í kjölfar biðlauna getur sótt um félagsaðild. Greiða þarf kr. 1.000 fyrir hvern mánuð sbr. áðurnefnt ákvæði um greiðslu.

Félagsaðild þeirra sem þiggja listamannalaun:
Félagsmaður sem er í launalausu leyfi og þiggur listamannalaun getur sótt um félagsaðild að því aðildarfélagi KÍ sem hann var í fyrir töku leyfisins. Með aðild að Kennarasambandi Íslands skuldbindur hann sig til að standa skil á eftirtöldum samningsbundnum gjöldum til KÍ sem reiknast af þeirri upphæð sem listamannalaunin eru:

- Endurmenntunarsjóður 1,72% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu.
- Orlofssjóður 0,25% (0,50% leikskóli) miðað við heildarlaun.
- Námsleyfasjóður 1,30% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu
- Fjölskyldu og styrktarsjóður 0,75% (0,55% grunnskóli) miðað við heildarlaun
- Félagsgjald KÍ 1% miðað við föst mánaðarlaun í dagvinnu.

Félagsaðild lífeyrisþega annarra en eftirlauna
Félagsmenn sem hætta störfum og þiggja lífeyrisgreiðslur af einhverju tagi, aðrar en eftirlaun, geta haldið áfram félagsaðild með sömu réttindum og gilda um félagsmenn FKE enda stundi þeir ekki aðra launaða vinnu á meðan. Halda skal sérstaka skrá yfir þá sem eiga aðild að KÍ samkvæmt reglu þessari.

5. Úttekt á stöðu SÍ

SMÓ lagði fram og kynnti úttekt á stöðu, uppbyggingu og skipulagi á starfsemi Skólastjórafélags Íslands sem Capacent hefur gert fyrir félagið. Fram kemur í úttektinni að innan félagsins hafi verið nokkur umræða um mikilvægi þess að auka sjálfstæði þess. Sú umræða hafi ekki hvað síst snúist um að hlutverk skólastjórnenda í grunnskólum, faglegir og kjaralegir hagsmunir og skyldur samkvæmt grunnskólalögum feli í sér sérstöðu félagsmanna SÍ gagnvart öðrum aðildarfélögum KÍ. Þá hafi það verið eitt af stefnumálum SÍ umáratugaskeið að fá sjálfstæðan samningsrétt eða að minnsta kosti aukið sjálfstæði í samningum.

Markmið úttektarinnar er að afla gagna og skoða stöðu SÍ á grundvelli þeirra. Í þeirri vinnu var miðað við þrjár sviðsmyndir: a) að SÍ verði áfram innan KÍ; 2) að SÍ verði utan KÍ; 3) að SÍ verði sjálfstæðara eða afmarkaðra félag innan KÍ.

Í úttektinni er m.a. vísað til þróunar í stéttarfélagsmálum skólastjóra í Danmörku. SMÓ sendir stjórnarmönnum úttektina í heild í tölvupósti.

Í umræðum um málið upplýsti AS að hafin væri sambærileg vinna við úttekt á stöðu Félags framhaldsskólakennara.

Til máls tóku auk SMÓ: ÞÁH, ÓL, HFG, ÞD, IK, BB, HBJ, AS.

6. Ársfundur KÍ 18. apríl 2012

Kynnt drög að dagskrá ársfundar sem haldinn verður á Hótel Sögu í Reykjavík 18. apríl 2012. Formaður kallaði eftir hugsanlegum tillögum um breytingar á dagskrá.

7. Símenntun og starfsþróun

BB vitnaði til minnisblaðs til mennta- og menningarmálaráðherra um símenntun/starfsþróun sem samþykkt var á 154. stjórnarfundi KÍ þar sem fram koma áherslur KÍ, m.a. að stórátaks sé þörf í að efla símenntun/starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Lögð fram viðbótargögn um framlög ríkisins til endurmenntunar sem sýna framlög á fjárlögum til endurmenntunar grunn- og framhaldsskólakennara 2002 til 2012. Í gögnunum kemur fram að meðalframlag á ári á fjárlögum 2001 - 2012 til endurmenntunar á hvern félagsmann í framhaldsskólum er kr. 21.126. Ef meðalframlagið væri það sama hjá öllum félagsmönnum KÍ og miðaðist við meðalframlagi á hvern félagsmann í framhaldsskólum eins og það er nú þyrftu heildarframlögin að vera 158,3 milljónir króna.

Fyrrgreint minnisblað og viðbótargögn verða afhent mennta-og menningarmálaráðherra á fyrirhuguðum fundi stýrihóps samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun með ráðherra.

8. Fundir úti á svæðum, átaksverkefni /fræðsla

Lögð fram samantekt af fundi starfshóps um fundi/fræðslu á vegum KÍ til upplýsingar fyrir stjórnarmenn. Hugmyndir um fundahöld og/eða önnur verkefni verða ræddar þegar hópurinn hefur lokið starfi sínu.

9. Erlend samskipti

a. Bréf NLS, verkfall leikskólakennara í Færeyjum, verkbann í Grænlandi.

Dreift fréttum af heimasíðum NLS og aðildarfélaga í Svíþjóð, Grænlandi og Færeyjum.

NLS beinir þeirri áskorun til kennarafélaga á Norðurlöndum að þau komi í veg fyrir að félagsmenn þeirra ráði sig til starfa í skólum á Grænlandi meðan deila IMAK við grænlensk stjórnvöld er óleyst. Danmarks Lærerforening hefur lýst yfir samúðarverkbanni til stuðnings grænlensku kennarasamtökunum IMAK. Kennarar í IMAK hafa verið samningslausir síðan vorið 2010. Ákvörðun DLF hefur í för með sér að danskir kennarar mega ekki sækja um störf í Grænlandi frá 1. mars nk.

Lögð fram drög að stuðningsyfirlýsingu við Föroya pedagogfelag í yfirstandandi kjaradeilu félagsins. Drögin samþykkt. Fram kom í umræðum FL og FSL hafa þegar sent færeyska félaginu stuðningsyfirlýsingu. Fram kom eindreginn vilji stjórnar til að veita færeyskum kennurum rausnarlegan fjárstuðning og hvetur hún stjórn Vinnudeilusjóðs til að bregðast vel við ósk stjórnar um fjárveitingu í því skyni.

Samþykkt að fela ÞÁH og BB að ræða við formann Vinnudeilusjóðs um fjárstuðning við Föroya Pedagogfelag í yfirstandandi kjaradeilu.

b. Ráðstefna ETUCE

Samþykkt að Ingibjörg Kristleifsdóttir verði fulltrúi KÍ í stað Bjargar Bjarnadóttur á ráðstefnu ETUCE í Budapest 20. – 21. febrúar.

c. Fundur NLS um vinnuumhverfismál (árlegur fundur)

Lagt fram erindi frá Vinnuumhverfisnefnd KÍ þar sem óskað er eftir að KÍ sendi tvo fulltrúa á árlegan fund norrænna kennarafélaga um vinnuumhverfismál sem stefnt er að halda í Stokkhólmi 24. - 25. maí 2012. Samþykkt að Sif Stefánsdóttir og Hafdís D. Guðmundsdóttir sæki fundinn fyrir hönd KÍ.

d. Skýrsla Hafdísar D. Guðmundsdóttur frá ETUCE ráðstefnu í Berlín - „Work related Stress"
Hafdís D. Guðmundsdóttir starfsmaður vinnnuumhverfisnefndar dreifði og gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar ETUCE á vinnustreitu kennara í Evrópu.

10. Tilkynningar

a. Tilnefning í stjórn Námsgagnasjóðs
Samþykkt að tilnefna Guðbjörgu Ragnarsdóttur (FG) fulltrúa KÍ í stjórn Námsgagnasjóðs og Þórð Kristjánsson (SÍ) til vara.

b. Kynnt bréf frá útgefendum bókarinnar „Á rauðum sokkum" þar sem þakkað er fyrir stuðning KÍ við útgáfuna. Eintak af bókinni hjá formanni.

c. Kynntur DVD diskur „Stóru upplestrarkeppninnar". Eintak af diskinum hjá formanni.

11. Önnur mál

a. Siðaráð: Umræður um siðfræðileg málefni í tilefni af fréttaflutningi og umræðum í þjóðfélaginu að undanförnu. Niðurstaða umræðunnar var að vísa málinu til siðaráðs KÍ til umfjöllunar. ÞÁH og BB falið að hafa samband við formann ráðsins.

Til máls tóku: ÞÁH, ÓL, BB, AS, ÞP, HFG, ÞD, KES og GR.

b. Fundir stjórnar til vors: Gert er ráð fyrir að stjórnin komi saman 30. mars, 18. apríl (ársfundur) og 18. maí.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30
Guðbjörg Ragnarsdóttir
ritari

Helgi E. Helgason
fundarritari